

REGLUGERÐ

um dómþinghár og þingstaði.

1. gr.

Landinu er skipt í eftirfarandi dómþinghár og eru þingstaðir sem hér segir:

1. *Umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur er ein dómþinghá.*
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjavíkur.
2. *Umdæmi héraðsdóms Vesturlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins á Akranesi.
Þingstaður: Lögreglustöðin Akranesi.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vesturlands.
 - c. Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - d. Umdæmi sýslumannsins í Búðardal.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
3. *Umdæmi héraðsdóms Vestfjarða skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - c. Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vestfjarða.
 - d. Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
4. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands vestra.
 - c. Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
5. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði.
Þingstaður: Slysavarnarhúsið Strandgötu 25.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Akureyri.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands eystra.
 - c. Umdæmi sýslumannsins á Húsavík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
6. *Umdæmi héraðsdóms Austurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Austurlands.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað.
Þingstaður: Lögreglustöðin Neskaupstað.
 - c. Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - d. Umdæmi sýslumannsins á Höfn.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.

7. *Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
- Umdæmi sýslumannsins í Vík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli.
Þingstaður: Lögreglustöðin Hvolsvelli.
 - Umdæmi sýslumannsins á Selfossi.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Suðurlands.
8. *Umdæmi héraðsdóms Reykjaness skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
- Umdæmi sýslumannsins í Keflavík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
 - Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjaness.
 - Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.

2. gr.

Héraðsdómur Reykjavíkur skal halda regluleg dómþing tvisvar í viku.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing vikulega:

Akureyri. Hafnarfirði.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing á tveggja vikna fresti:

Borgarnesi. Vestmannaeyjum.

Ísafirði. Selfossi.

Sauðárkróki. Keflavík.

Egilsstöðum. Kópavogi.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing einu sinni í mánuði:

Akranesi. Neskaupstað.

Stykkishólmi. Eskifirði.

Blönduósi. Hvolsvelli.

Húsavík.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing fimm sinnum á ári:

Búðardal. Siglufirði.

Patreksfirði. Ólafsfirði.

Bolungarvík. Höfn.

Hólmavík. Vík.

Eigi er skylt að halda regluleg dómþing í einkamálum frá 20. desember til 6. janúar og mánuðina júlí og ágúst.

Hver dómstóll ákveður nánar þingdaga á hverjum þingstað. Auglýsing um þingdaga og þinghlé skal birt í Lögbirtingablaði.

3. gr.

Heimilt er að halda dómþing í opinberum málum á eftirfarandi stöðum:

Í umdæmi héraðsdóms Vesturlands:

Grundarfirði.

Ólafsvík.

Í umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra:

Hvammstanga.

Í umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra:

Dalvík.

Raufarhöfn.

Pórshöfn.

Í umdæmi héraðsdóms Austurlands:

Vopnafirði.

Seyðisfirði.

Fáskrúðsfirði.

Djúpavogi.

4. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 1. og 3. gr. er héraðsdómara rétt að halda dómþing utan reglulegra þingstaða ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál eða ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 3. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorleifur Pálsson.

12. febrúar 1992

Nr. 59

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 544/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju Vestmannaeyja (FIVE) og breyting á því starfsleyfi nr. 151/1991.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

4.2. Frágangi lyktheyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal lokið fyrir 1. september 1992. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1992 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lyktheyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 12. febrúar 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurborg Sæmundsdóttir.